



Ársskýrsla
2019

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	1	A-deild	20	Starfsemi	53
Helstu atriði í starfsemi LSR	3	Lykilstærðir	21	Starfsfólk	54
Ávöxtun og hrein eign	5	Um A-deild	22	Stjórn	57
Eignir og markaðir	9	Verðbréf	23	Stjórnarháttayfirlýsing	58
Verðbréfaeign	10	Iðgjöld	24	Starfskjarastefna	60
Fjárfestingar ársins	11	Lífeyrir	25	Fjárfestingarstefna	61
Innlend hlutabréf	12	Skuldbindingar	27	Áhættustefna	62
Erlend hlutabréf	13	B-deild	29	Hluthafastefna	63
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	15	Lykilstærðir	30	Stefna um ábyrgar fjárfestingar	65
Skuldabréf	16	Um B-deild	31	LSR 100 ára	67
Útlán til sjóðfélaga	18	Verðbréf	32	Ársreikningar	70
		Iðgjöld	33	A-deild	70
		Lífeyrir	34	B-deild	70
		Skuldbindingar	37	Séreign	70
		Séreign	43	Annual Report	71
		Lykilstærðir	44	Overview	72
		Um Séreign	45	The annual account	73
		Verðbréf og ávöxtun	46		
		Iðgjöld og lífeyrir	50		

Ávarp stjórnarformanns

Árið 2019 var um flest ánægjulegt fyrir LSR. Sjóðurinn hélt upp á 100 ára afmæli sitt, eignir hans fóru yfir þúsund milljarða króna og ávöxtun ársins var ein sú besta um langa hríð. En skjótt skipast veður í lofti og þær hörmungar sem nú ganga yfir heimsbyggðina með Covid-19 faraldrinum hafa áhrif á allt efnahagslíf og mikil óvissa er um framvinduna á næstu misserum. Á slíkum tímum er sem aldrei fyrr ástæða til að þakka fyrir það öryggisnet sem lífeyrissjóðir eru hluti af, með skylduaðild og sjóðsöfnun sem tryggir lágmarksframfærslu ævilangt.

„Á slíkum tímum er sem aldrei fyrr ástæða til að þakka fyrir það öryggisnet sem lífeyrissjóðir eru hluti af ...“

Á árinu 2019 greiddu að jafnaði 32.128 sjóðfélagar mánaðarlega iðgjald til LSR sem er 1,3% fjölgun frá fyrra ári. Mikill meirihluti þeirra eða 27.330 greiddu iðgjald til A-deildar, sem er 3% fjölgun frá fyrra ári, en 1.795 sjóðfélagar greiddu til B-deildar, sem er 17,1% fækkun frá fyrra ári, og 3.003 sjóðfélagar greiddu til séreignardeildar, sem er 1,3% fækkun frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur hafa farið stigvaxandi og fjöldi lífeyrispega aukist hratt á síðustu árum. Á árinu greiddi LSR alls rúma 62,9 ma.kr. í lífeyrisgreiðslur eða að jafnaði 5,2 ma.kr. á mánuði sem er 9,2% aukning frá fyrra ári. Að meðaltali fengu 25.472 lífeyrispegar greiðslur í hverjum mánuði frá sjóðnum árið 2019 sem er 7% fjölgun frá fyrra ári.

LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið. Hann starfar í þremur fjárhagslega aðskildum deildum: A-deild, B-deild og séreignardeild. Deildirnar eru um margt ólíkar. Á það við hvort sem horft er til iðgjaldagreiðslna, uppbyggingu réttinda, ábyrgðar á skuldbindingum eða eignasamsetningar. Mikilvægt er því að horfa til sjálfstæðis hverrar deildar og að mörgu leyti er eðlilegt að horfa á deildirnar sem sjálfstæða sjóði með sameiginlega stjórn, samtryggingardeildirnar tvær, A- og B-deild og séreignardeild sem ávaxtar viðbótarlífeyrissparnað þeirra sem það kjósa. Allar deildir skiluðu góðri ávöxtun. Hrein raunávöxtun þeirra samanlagt var 13,4% á árinu og síðustu tíu ár var hún 5,6%. Eignir B-deildar námu um 269 ma.kr. í árslok og hrein raunávöxtun deildarinnar var 14,8%. Þar sem deildin tekur ekki við nýjum sjóðfélögum hækkar meðalaldur þeirra með hverju árinu. Þannig streymir meira fjármagn út en inn og dregst sjóðurinn því saman. B-deildin er einungis að hluta fjármögnuð með iðgjöldum en er að stórum hluta gegnumstreymissjóður með bakábyrgð frá ríkissjóði sem leggur sjóðnum til fjármagn á hverju ári til að mæta framtíðarlífeyrisgreiðslum. Á hinn bóginn fer A-deildin vaxandi. Deildin var stofnuð fyrir 23 árum og er þar af leiðandi töluvert frá því að vera fullþroska sem kemur m.a. fram í því að tiltölulega fáir fá greiðslur úr henni samanborið við þá sem greiða inn og því stækkar hún ört.

Eignir A-deildar nema nú um 729 milljörðum króna og hrein raunávöxtun ársins var 13%. Séreignardeildin er ekki stór í eignum talið samanborið við samtryggingardeildirnar en eignir hennar nema nú 19,5 ma.kr. Hún skilaði góðri ávöxtun, einkum Leið I en hrein raunávöxtun hennar var 18,1% á árinu.

Meginhlutverk lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum áhyggjulaust ævikvöld. Ef horft er á málin í stærra samhengi felast lífsgæði á efri árum ekki eingöngu í öruggum lífeyrisgreiðslum heldur skiptir jafnframt máli hvernig samfélagi við skilum til komandi kynslóða. Því er mikilvægt að hagvöxtur verði sjálfbær, það er að hagsæld í dag sé ekki á kostnað þess heims sem unga fólk í dag mun búa við í framtíðinni. Þessa sýn hefur LSR að leiðarljósi með því að setja sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og taka þannig þátt í að axla ábyrgð í þessum efnunum.

„Meginhlutverk lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum áhyggjulaust ævikvöld“

Þess má vænta að þegar fram í sækir verði það æ virkari þáttur í starfsemi sjóðsins að fylgja slíkum samfélagslegum málum eftir.

Fram undan eru margar áskoranir fyrir lífeyrissjóði. Með hækkandi lífaldri lengist sá tími sem fólk fær greiddan lífeyri og með lækkandi vöxtum verður æ meiri áskorun að ná hinu tryggingafræðilega viðmiði um 3,5% raunávöxtun. Það kallar á að fjárfesting í áhættumeiri eignum sé aukin frá því sem nú er með þær væntingar í huga að það skili sér í hærri ávöxtun en fyrir því er engin trygging. Þarna vegast því á tveir kraftar: að hafa áhættu í eignasafni eins litla og mögulega er á móti þeirri áskorun að ná að standa við þær skuldbindingar um lífeyri sem sjóðfélagar gera ráð fyrir. Þessar áherslur má greina í fjárfestingarstefnum samtryggingardeildanna en þar hefur verið dregið úr vægi ríkistryggðra skuldabréfa og meira fjárfest í öðrum eignaflokkum. Því má kannski segja að árið 2020 sé byrjunin á nýrri nálgun í starfsemi lífeyrissjóða hvað þetta varðar.

Hjá LSR starfar fjölbreyttur og reynslumikill hópur sem er vel í stakk búinn til að takast á við áskoranir komandi ára og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka þeim fyrir gott samstarf og sjóðfélögum og launagreiðendum fyrir samfylgdina á árinu.


Gunnar Björnsson, formaður stjórnar

Helstu atriði í starfsemi LSR


Lykiltölur	2019	2018
Nafnávöxtun	16,60%	5,60%
Hrein raunávöxtun	13,40%	2,10%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,14%	0,15%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.017.521	872.778
Lífeyrir	63.161	57.855
Iðgjöld	64.395	60.063
Veitt lán	35.379	42.715
Fjöldi veittra lána	1.802	1.984
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	32.128	31.703
Meðalfjöldi lífeyrispega	25.472	23.805

Fjárhæðir í töflu eru í milljónum króna


Hrein raunávöxtun




Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Verðbréfaeign 2019



Lífeyrisgreiðslur (í milljörðum króna)




Samtryggingardeildir


A-deild

A-deild var stofnuð í ársbyrjun 1997 og tekur á móti nýjum sjóðfélögum að uppfylltum aðildarskilyrðum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)




Breyting á hreinni eign á árinu 2019 (í milljörðum króna)




B-deild

B-deild er eldra réttindakerfi sjóðsins. B-deildinni var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama tíma og A-deildin tók til starfa. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sameinaðist B-deild þann 1. janúar 2018.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Breyting á hreinni eign á árinu 2019 (í milljörðum króna)



Ávöxtun og hrein eign



Nafnávöxtun LSR á árinu 2019 var 16,6% sem samsvarar 13,5% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 13,4% samanborið við 2,1% árið 2018. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 5,6% og meðaltal síðustu tíu ára er einnig 5,6%. Ávöxtun einstakra deilda LSR má sjá í töflunum hér fyrir neðan. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.


Ávöxtun ársins

	A-deild	B-deild	LSR
Nafnávöxtun	16,1%	18,2%	16,6%
Hrein raunávöxtun	13,0%	14,8%	13,4%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	5,8%	5,5%	5,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	5,4%	5,9%	5,6%


Ávöxtun ársins

	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III
Nafnávöxtun	21,3%	15,3%	4,4%
Hrein raunávöxtun	18,1%	12,3%	1,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	5,7%	4,8%	2,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	6,0%	5,6%	2,2%

Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar




Hrein raunávöxtun



Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris var 1.017,5 milljarðar króna í árslok 2019 og hækkaði um 144,6 milljarða króna á milli ára eða 16,6%. Fjárfestingartekjur sjóðsins voru 144,8 milljarðar króna á síðasta ári en voru 46,2 milljarðar króna árið áður. Miklar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin tíu ár og hefur ávöxtun verið í samræmi við það eins og sést á meðfylgjandi súluriti.

Frá upphafi árs 2010 til loka árs 2019 hefur samanlögð hrein eign til greiðslu lífeyris aukist úr 328,5 milljörðum króna í 1.017,5 milljarða króna. Aukningin nemur 689 milljörðum króna á tímabilinu sem jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið 11,3%. Af aukningu eigna voru fjárfestingartekjur 73,3% eða 505,1 milljarður króna. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt greiðslu lífeyrisauka námu 196,6 milljörðum króna á tímabilinu. Hins vegar voru lífeyrisgreiðslur og kostnaður 11,7 milljarðar króna umfram iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum.

Fjárfestingartekjur (í milljörðum króna)



Hreinar fjárfestingartekjur

í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
A-deild	99.562	29.543	237,0%
B-deild	43.077	15.860	171,6%
Séreign	2.183	780	179,9%
Samtals	144.821	46.183	213,6%


Inn- og útlæði einstakra deilda sjóðsins hefur verið afar ólíkt undanfarin tíu ár og þar af leiðandi þróun eigna. Eignir A-deildar hafa til dæmis aukist um 595,4 milljarða króna á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar nemur 81,6 milljörðum króna. Eignir Séreignar hafa aukist um 12 milljarða króna eða 184% á síðustu tíu árum.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
A-deild	729.491	607.067	20,2%
B-deild	268.540	248.892	7,9%
Séreign	19.490	16.820	15,9%
Samtals	1.017.521	872.779	16,6%

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Greining á hækkun eigna 2010–2019

í milljónum króna

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals	Hlutfall
Hreinar fjárfestingartekjur	301.412	194.910	8.798	505.119	73,3%
Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað	176.722	(191.668)	3.241	(11.706)	-1,7%
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	51.793	0	62.211	9,0%
Greiðslur vegna lífeyrisauka	106.812	0	0	106.812	15,5%
Sameining Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga við B-deild	0	26.614	0	26.614	3,9%
Samtals hækkun eigna	595.363	81.649	12.038	689.051	100,0%

Eignir og markaðir




Verðbréfaeign

Í árslok 2019 nam verðbréfaeign LSR 1.016,5 milljörðum króna. Það er hækkun um 144 milljarða króna frá fyrra ári. Verðbréfaeign sjóðsins í árslok skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 501,1 milljarður króna, eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 471,5 milljarðar króna og innlán námu 43,8 milljörðum króna.

Á árinu 2019 hækkðu eignir A-deildar úr 604,7 milljörðum króna í 727,1 milljarð króna eða um 20,2%. Eignir B-deildar hækkðu á sama tíma úr 250,5 milljörðum króna í 269,8 milljarða króna eða um 7,7%. Eignir Séreignar hækkðu úr 16,8 milljörðum króna í 19,5 milljarða króna eða um 16,1%.

Verðbréfaeign

Eignaflokkar	í milljónum króna			
	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	178.485	59.761	707	238.953
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	112.473	25.781	0	138.254
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	17.761	5.788	188	23.738
B.b. Innlán	17.791	17.358	8.693	43.842
B.c. Sértryggð skuldabréf	24.053	2.091	96	26.240
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3.035	1.760	0	4.795
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	185.252	85.227	6.665	277.144
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	37.180	17.452	0	54.632
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12.492	2.015	0	14.507
E.a. Hlutabréf	97.380	39.184	1.491	138.055
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	41.257	13.365	1.639	56.261
E.c. Fasteignir	0	60	0	60
Verðbréfaeign alls	727.160	269.842	19.478	1.016.481



A-deild	B-deild	Séreign	Hlutföll
			Samtals
24,5%	22,1%	3,6%	23,5%
15,5%	9,6%	0,0%	13,6%
2,4%	2,1%	1,0%	2,3%
2,4%	6,4%	44,6%	4,3%
3,3%	0,8%	0,5%	2,6%
0,4%	0,7%	0,0%	0,5%
25,5%	31,6%	34,2%	27,3%
5,1%	6,5%	0,0%	5,4%
1,7%	0,7%	0,0%	1,4%
13,4%	14,5%	7,7%	13,6%
5,7%	5,0%	8,4%	5,5%
0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Fjárfestingar ársins

Á árinu 2019 keypti LSR verðbréf og veitti lán fyrir samtals 47,0 milljarða króna að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána.

Töluverðar hreyfingar voru á innlendu skuldabréfasafni sjóðsins. Veitt útlán til sjóðfélaga námu 35,4 milljörðum króna og uppgreidd lán námu 14,4 milljörðum króna. Keypt voru skuldabréf á sveitarfélög, fyrirtæki, lánastofnanir og sértryggð skuldabréf fyrir 17,9 milljarða króna en á móti seldi sjóðurinn ríkisskuldabréf fyrir tæpa 9,0 milljarða króna.

Viðskipti með innlend og erlend hlutabréf þróuðust með ólíkum hætti hjá A-deild og B-deild. Á árinu fjárfesti A-deild fyrir 21,1 milljarð króna í innlendum og erlendum hlutabréfum en B-deild seldi hlutabréf fyrir 12,8 milljarða króna. Þessi viðskipti eru í takt við ólíka þróun sjóðanna þar sem A-deild er með jákvætt innstreymi en B-deild neikvætt og selur því eignir til að standa undir lífeyrisgreiðslum.

Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu námu 9,8 milljörðum króna á árinu. Undir þennan eignaflokk falla m.a. fjárfestingar í erlendum og innlendum framtakssjóðum sem námu 10,1 milljarði króna en bæði fjárfestingar og skuldbindingar í þessum sjóðum jukust á árinu. Jafnframt falla fjárfestingar í skuldabréfa- og lausafjár sjóðum undir þennan eignaflokk en nettósala í þeim nam tæpum 700 milljónum króna á árinu.

Nettófjárfestingar

í milljónum króna

Eignaflokkar	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	(9.283)	(22)	327	(8.977)
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	21.445	1.141	0	22.587
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	2.920	104	0	3.024
B.c. Sértryggð skuldabréf	4.630	331	96	5.057
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	1.256	400	0	1.656
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	16.424	(9.320)	(323)	6.780
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	2.190	321	0	2.511
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	4.093	0	0	4.093
E.a. Hlutabréf	4.673	(3.464)	(132)	1.077
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5.996	2.899	254	9.149
Fjárfestingar alls	54.345	(7.608)	222	46.958

Innlend hlutabréf

Miklar hækkningar voru á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu og hækkuðu skráð hlutabréf í safni LSR um 29,8% að nafnvirði sem samsvarar 26,4% raunávöxtun. Óskráð hlutabréf hækkuðu um 33,1% að nafnvirði sem samsvarar 29,6% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði hlutabréfavísitalan OMXIGI um 27,8% á árinu.

Árangur einstakra félaga var þó breytilegur. Hlutabréf í Össuri hf. hækkuðu um 68,2% og hlutabréf í Marel hf. hækkuðu um 65,9%. Hlutabréf í Icelandair Group hf. lækkuðu um 21,2% og hlutabréf í Eimskip hf. lækkuðu um 16,9%. Stærstu skráðu félögin í safni LSR í lok árs 2019 voru Marel hf., Össur hf. og Brim hf. Stærstu óskráðu félögin í safni LSR í lok árs 2019 voru Eyrir Invest ehf. og Blávarmi slhf.

Ýmis jákvæð teikn voru á lofti á innlendum hlutabréfamarkaði á árinu 2019. Sterkir efnahagsreikningar, lág skuldsetning og hag-ræðingaraðgerðir einkenndu mörg félög á markaði. Jafnframt fóru vextir lækkandi á árinu og íslenska krónan veiktist sem hafði einnig jákvæð áhrif á flest félögin.

Árið 2020 hefur einkennst af miklum lækkunum á innlendum hlutabréfa-markaði og ljóst er að róðurinn verður mörgum félögum erfiður, að minnsta kosti til skamms tíma litið.

Þróun OMXIGI á árinu (hlutabréfavísitala)



Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra hlutabréfa í árslok

Útgefendur	Í milljónum króna	Hlutfall
Marel hf.	24.560	20,3%
Össur hf.	20.859	17,2%
Brim hf.	11.535	9,5%
Reitir fasteignafélag hf.	7.560	6,2%
Hagar hf.	7.446	6,2%
Eyrir Invest hf.	6.884	5,7%
Síminn hf.	5.730	4,7%
Arion banki hf.	5.437	4,5%
Festi hf.	3.885	3,2%
Icelandair Group hf.	3.360	2,8%

Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í safni LSR, reiknuð í íslenskum krónum, skiluðu 33,3% nafnávöxtun á árinu 2019 sem samsvarar 29,9% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 27,7% á árinu, reiknað í bandaríkjadal, en vegna veikingar krónunnar gagnvart bandaríkjadal hækkaði vísitalan um 32,9% í íslenskum krónum á árinu.

Eftir miklar lækkanir á hlutabréfamörkuðum heims á síðustu mánuðum ársins 2018 má segja að markaðir hafi tekið vel við sér á árinu 2019. S&P 500, vísitala fyrir bandarísk hlutabréf, hækkaði um tæp 29% á árinu 2019, FTSE Europe, vísitala fyrir evrópsk hlutabréf, hækkaði um rúm 42% og MSCI EM, vísitala fyrir nýmarkaðshlutabréf, hækkaði um rúm 18%, reiknað í bandaríkjadal.

Gengi krónunnar var tiltölulega stöðugt á árinu 2019 en gengið lækkaði um 3,1% á árinu. Gagnvart evru lækkaði gengið um 1,9% en um 3,9% gagnvart bandaríkjadal. Hér til hliðar má sjá yfirlit yfir þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar á árinu og yfirlit yfir þróun heimsvísitölu hlutabréfa í bandaríkjadöllum.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu



Þróun MSCI með arði (USD) á árinu (heimsvísitala hlutabréfa)



Mikil lækkun hefur orðið á verðbréfamörkuðum heims það sem af er árinu 2020 vegna útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Áhrif þessa á erlenda hlutabréfaeign sjóðsins eru eðlilega mikil og ljóst er að mörg fyrirtæki sem sjóðurinn á hlut í hafa orðið fyrir tjóni, að minnsta kosti til skamms tíma. Óvissa ríkir um hversu lengi þetta ástand muni vara en væntingar eru um að staða á verðbréfamarkaði muni batna þegar horft er til lengri tíma.

LSR er í samstarfi við eignastýringaraðila um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum verðbréfamörkuðum, bæði skráðum og óskráðum. Við val á eignastýringaraðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. LSR er langtímafjárfestir og leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Því er lögð áhersla á að eignastýringaraðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum og geti með greinagóðum hætti sýnt fram á að unnið sé eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni erlendra hlutabréfa í árslok

Rekstraraðilar	Í milljónum króna	Hlutfall
Vanguard Asset Management Limited	39.832	13,7%
Schroder Investment Management Limited	37.011	12,8%
MFS Investment Funds	31.073	10,7%
State Street Global Advisors	29.758	10,3%
Wellington Management Funds	21.101	7,3%
T. Rowe Price	20.977	7,2%
Morgan Stanley	17.076	5,9%
J.P Morgan Asset Management	14.311	4,9%
Storebrand Asset Management AS	13.092	4,5%
Jupiter Asset Management	12.003	4,1%

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Á árinu nam nafnvöxtun sjóða um sameiginlega fjárfestingu 7,4%, reiknað í íslenskum krónum, sem samsvarar 4,6% raunávöxtun. Nafnvöxtun erlendra sjóða var 11,3% en innlendir sjóðir skiluðu 2,2% nafnvöxtun.

Undir þennan eignaflokk falla m.a. framtakssjóðir, fasteignasjóðir, innviðasjóðir, lánasjóðir, skuldabréfasjóðir og lausafjársgjóðir. Eignir LSR í þessum eignaflokki námu 56,3 milljörðum króna í árslok 2019 og var vægi eignaflokksins 6% af heildareignum sjóðsins. Stærsti hluti eignaflokksins eru erlendir framtakssjóðir eða 30,8 milljarðar króna.

Við val á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem flestir eru óskráðir, eru höfð til hliðsjónar sambærileg viðmið og við val á skráðum verðbréfasjóðum. Horft er til ólíkrar aðferðafræði sjóða, reynslu, árangurs og áhættudreifingar. Lögð er áhersla á að rekstraraðilar sjóða hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum og félagslegum þáttum sem og stjórnarháttum og geti með greinagóðum hætti sýnt fram á að unnið verði eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

Tíu stærstu rekstraraðilar í safni sjóða um sameiginlega fjárfestingu í árslok


Rekstraraðilar	Í milljónum króna	Hlutfall
Morgan Stanley AIP Private Markets	9.487	16,9%
Rothschild & Co. Credit Management	7.799	13,9%
Júpiter rekstrarfélag hf.	6.854	12,2%
Stefnir hf.	5.218	9,3%
New Mountain Capital, L.L.C.	3.840	6,8%
Partners Group AG	3.461	6,2%
Íslandssjóðir hf.	3.330	5,9%
Aberdeen Standard Investments	2.647	4,7%
Landsbankinn hf.	2.464	4,4%
KKR & Co. Inc.	2.307	4,1%

Skuldabréf

Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR var 8,0% á árinu 2019 sem samsvarar 5,2% raunávöxtun. Ávöxtun á innlendum skuldabréfa-markaði var góð á árinu. Vísitala verðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXIREAL) hækkaði um 6,8% og vísitala óverðtryggðra viðmiðunarskuldabréfa (NOMXINOM) um 14,8%.

Á árinu 2019 fór að hægjast á hagkerfinu og íslenskri ferðapjónustu m.a. vegna gjaldþrots WOW air. Tvísýnt var hvort að samdráttur yrði á árinu en hagvöxtur ársins endaði í 1,9% samanborið við 3,8% árið 2018. Til að styðja við hagkerfið lækkaði Seðlabanki Íslands meginvexti bankans um samtals 1,5 prósentustig á árinu og voru þeir 3,0% í árslok. Vaxtalækkunar Seðlabankans, 2,0% verðbólga á árinu og tiltölulega lítil útgáfa ríkisskuldabréfa studdi við töluverða lækkun ávöxtunarkröfu bæði verðtryggðra og þá sér í lagi óverðtryggðra ríkisskuldabréfa. Lækkun á ávöxtunarkröfu skilar sér í virðishækkun á þeim hluta skuldabréfa sem gerð eru upp á markaðsvirði.

Próun ávöxtunarkröfu verðtryggðra íbúðabréfa (HFF) á árinu




Próun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu



Það bættist við í flóru fyrirtækjaskuldabréfa á árinu þegar Hagar hf. gáfu út skuldabréf fyrst almenningshlutafélaga að undanskildum fasteignafélögum. Jákvæð teikn eru á lofti er kemur að útgáfu grænna skuldabréfa en Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa gefið út græn skuldabréf og nú í byrjun árs 2020 gaf Lánasjóður sveitarfélaga út sitt fyrsta græna skuldabréf. Jafnframt gáfu Félagsbústaðir hf. út fyrsta félagslega skuldabréfið á árinu 2019.

Safn skuldabréfa í árslok



Tíu stærstu útgefendur í safni innlendra skuldabréfa í árslok

Útgefendur	Í milljónum króna	Hlutfall
Íbúðalánasjóður	102.612	20,5%
Ríkissjóður Íslands	63.763	12,7%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	56.656	11,3%
Íslandsbanki hf.	14.443	2,9%
Reitir fasteignafélag hf.	12.184	2,4%
Reginn hf.	9.117	1,8%
Eik fasteignafélag hf.	8.833	1,8%
Lánasjóður sveitarfélaga	8.624	1,7%
Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.	8.280	1,7%
Landsvirkjun	7.127	1,4%

Útlán til sjóðfélaga

Útlán LSR til sjóðfélaga á árinu 2019 námu alls 35,4 milljörðum króna sem er rúmlega 7 milljörðum króna minna en á árinu 2018. Veittum lánnum fækkaði einnig á milli ára en alls voru veitt 1.802 lán á árinu 2019. Á árinu 2019 hóf LSR að veita lán með óverðtryggðum vöxtum og voru 20% veittra lána á árinu 2019 óverðtryggð. Lán með verðtryggðum breytilegum vöxtum voru 61% veittra lána á árinu 2019 og lán með verðtryggðum föstum vöxtum voru 19%.

Uppgreiðsla lána nam 14,4 milljörðum króna á árinu 2019 og voru nettó-útlán ársins því 21 milljarður króna á móti 32 milljörðum króna á árinu 2018. Á árinu var rúmlega einum milljarði króna af séreignarsparnaði ráðstafað inn á fasteignalán hjá LSR.

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir lántakendur í greiðsluvanda. Helstu úrræðin sem sjóðurinn býður upp á eru að leggja vanskil við höfuðstól láns, frestun á greiðslum og lenging lánstíma. Hlutfall lána í vanskilum hefur farið lækkandi undanfarin ár og nam fjárhæð í vanskilum einungis 0,07% af eftirstöðvum sjóðfélagalána í árslok 2019.


Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 gilda um lánveitingar sjóðsins. Samkvæmt lögnum hvílir ákveðin upplýsingaskylda á lánveitanda við lánveitingu. Lánveitendum er einnig skylt að meta láns-hæfi einstaklinga og framkvæma greiðslumat fyrir lánveitingu.

Útlán til sjóðfélaga


í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
Veitt lán á árinu			
Fjárhæð	35.379	42.715	-17,2%
Fjöldi lána	1.802	1.984	-9,2%
Meðalfjárhæð	20	22	-8,8%
Lán í árslok			
Heildarfjárhæð	135.464	118.911	13,9%
Fjöldi lána	11.746	11.738	0,1%
Meðalfjárhæð	12	10	13,8%
Upplýsingar um vanskil			
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	99	152	-34,8%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánnum	0,07%	0,13%	-42,7%
Fjöldi lána í meira en 3 mán. vanskilum í árslok	64	70	-8,6%


Fjöldi veittra lána til sjóðfélaga




Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána (í milljónum króna)



Fjárhæð veittra lána til sjóðfélaga (í milljörðum króna)



Útstandandi lán til sjóðfélaga (í milljörðum króna)



A-deild



A-deild – Lykilstærðir

Nafnávöxtun	16,1%
Hrein raunávöxtun	13,0%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,11%
<hr/>	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	729.491
Hreinar fjárfestingartekjur	99.562
<hr/>	
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	34,3%
Hlutfall verðtryggðra eigna	44,7%
<hr/>	
Iðgjöld	32.515
Lífeyrir	8.991
<hr/>	
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	27.330
Meðalfjöldi lífeyrisþega	8.140
Meðalaldur virkra sjóðfélaga	45

Fjárhæðir í töflu eru í milljónum króna



Um A-deild


Með breytingu á lögum um LSR sem tóku gildi árið 1997 var A-deild stofnuð. Samhliða stofnun A-deildar var eldra réttindakerfi LSR lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Stofnun A-deildar markaði mikil tímamót fyrir LSR þar sem deildin var að fullu fjármögnuð með iðgjöldum. Eldra réttindakerfi sjóðsins var einungis að hluta fjármagnað með iðgjöldum en að öðru leyti með greiðslum frá launagreiðendum vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum.


Á árinu 2017 var réttindaávinnslu A-deildar breytt úr því að vera jöfn og óháð aldri yfir í það að vera aldurstengd.

A-deild hefur starfað í 23 ár sem þykir ekki langur tími fyrir lífeyrissjóð. Þrátt fyrir það er A-deild orðin næststærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið. Hrein eign A-deildar í árslok 2019 var 729,5 milljarðar króna. Deildin hefur vaxið um 595,4 milljarða króna á síðastliðnum tíu árum og er rúmlega helmingur þess vaxtar kominn til vegna ávöxtunar. Eignir hafa því vaxið að meðaltali um 18,5% á ári síðastliðin tíu ár.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Fjárfestingartekjur (í milljörðum króna)



Verðbréf

Í árslok 2019 nam verðbréfaeign A-deildar 727,2 milljörðum króna. Það er hækkun um 122,5 milljarða króna frá fyrra ári eða um 20,3%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu A-deildar fyrir árið 2020.

Á árinu keypti A-deild verðbréf og veitti lán fyrir samtals 54,3 milljarða króna að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Veitt útlán til sjóðfélaga námu 19,9 milljörðum króna að teknu tilliti til uppgreiðsna. Skuldabréf með ríkisábyrgð voru seld fyrir nettó 9,3 milljarða króna en keypt voru bréf í flestum öðrum flokkum skuldabréfa, þá helst í flokki sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfasjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Erlendar fjárfestingar námu 27,3 milljörðum króna sem voru að stærstum hluta fjárfestingar í erlendum skráðum hlutabréfum í gegnum verðbréfasjóði og fjárfestingar í framtakssjóðum. Eru þessi viðskipti í samræmi við setta fjárfestingarstefnu A-deildar sem gerir ráð fyrir að auka við hlutfall erlendra eigna í deildinni.

Verðbréfaeign

í milljónum króna

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	178.485	24,5%	20%	15–30%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	112.473	15,5%	18%	10–25%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	17.761	2,4%	2%	0–5%
B.b. Innlán	17.791	2,4%	1%	0–10%
B.c. Sértryggð skuldabréf	24.053	3,3%	4%	0–10%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3.035	0,4%	1%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	185.252	25,5%	27%	15–35%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	37.180	5,1%	5%	0–10%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12.492	1,7%	2%	0–5%
E.a. Hlutabréf	97.380	13,4%	12%	5–15%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	41.257	5,7%	8%	3–15%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0–1%
F.a. Afleiður	0	0,0%	0%	0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0%
Verðbréfaeign alls	727.160	100,0%		

Iðgjöld


Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum en þar af greiðir sjóðfélagi 4% og launagreiðandi 11,5%. Ávinnsla réttinda er aldurstengd en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum á meirihluti sjóðfélaga þó rétt á jafnri ávinnslu samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

Iðgjaldagreiðslur til A-deildar námu 32.515 milljónum króna á árinu 2019 og hækkuðu um 7,3% á milli ára. Á árinu greiddu að meðaltali 27.330 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins í hverjum mánuði og fjölgaði þeim um 835 á milli ára.

Í árslok áttu 68.408 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum, þar af voru 29.579 virkir greiðendur, 9.143 voru á lífeyri og 29.686 voru óvirkir eða með geymd réttindi.

Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 45 ár í árslok 2019 og var 71% af þeim konur og 29% karlar.

Iðgjöld (í milljörðum króna)



Iðgjöld og fjöldataölur

	2019	2018	Breyting
Iðgjöld í milljónum króna	32.515	30.313	7,3%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	27.330	26.495	3,2%
Fjöldi með réttindi í árslok	68.408	66.284	3,2%

Lífeyrir

Sjóðfélagar A-deildar ávinna sér rétt til ævilangra eftirlauna. Auk þess njóta þeir réttar til örorkulífeyris ef orkutap verður 40% eða meira. Þá á maki rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga og börn sjóðfélaga eiga rétt á barnalífeyri við orkutap eða fráfall þeirra.


Réttur til að hefja töku eftirlauna er ekki háður starfslokum en heimilt er að hefja töku lífeyris hvenær sem er á milli 60 og 80 ára aldurs. Sama gildir um töku hálf lífeyris. Viðmiðunaráldur lífeyristöku er 65 ár hjá þeim sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu en 67 ár hjá þeim sem eru í aldurstengdri réttindaávinnslu.

Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 8.991 milljón króna á árinu 2019 og hækkuðu um 23,5% milli ára. Alls fengu 9.583 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2019 en þeir sem fengu greiðslur að meðaltali í hverjum mánuði voru 8.140 talsins. Á liðnu ári hófu 963 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 992 árið áður.


Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2019 var 67,7 ár og voru 69,8% af þeim konur en 30,2% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisþyrði deildarinnar þ.e. hlutfall lífeyris af iðgjöldum, er lág enda deildin ung að árum. Lífeyrisþyrði á árinu 2019 var 28,1% en var 24,5% árið áður.

Lífeyrisgreiðslur (í milljörðum króna)



Meðalfjöldi lífeyrisþega



Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	6.113	4.804	27,3%
Örorkulífeyrir	2.502	2.153	16,2%
Makalífeyrir	209	176	18,7%
Barnalífeyrir	167	146	14,5%
Samtals	8.991	7.278	23,5%

Fjöldi lífeyrisþega

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	6.377	5.640	13,1%
Örorkulífeyrir	2.014	1.821	10,6%
Makalífeyrir	433	363	19,3%
Barnalífeyrir	759	724	4,8%
Samtals	9.583	8.548	12,1%

Meðalfjárhæð lífeyris

í þúsundum króna

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	959	852	12,6%
Örorkulífeyrir	1.242	1.182	5,1%
Makalífeyrir	483	486	-0,5%
Barnalífeyrir	220	201	9,3%
Samtals	938	851	10,2%




Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2019. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. Sjóðurinn þarf að eiga eignir til að standa undir þeim loforðum.

Staða A-deildar er nú í fyrsta skipti reiknuð út frá sértækum dánar- og örorkulíkum. Sértækar líkur eru reiknaðar út frá öllum sjóðfélögum sem eiga réttindi hjá LSR, þ.e. bæði þeim sem eiga réttindi í A-deild og B-deild sjóðsins. Útreikningurinn miðar við reynslu árána 2014 til 2018. Sértækar líkur fyrir LSR eru frábrugðnar almennum líkum á þann hátt að sjóðfélagar LSR lifa almennt lengur og líkur á örorku eru minni. Útreikningur skuldbindinga miðað við sértækar líkur hefur því neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu þar sem gert er ráð fyrir að lífeyrisþegar njóti greiðslna úr sjóðnum til lengri tíma en áður var miðað við.

Eignir og skuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt
(í milljörðum króna)




Í tryggingafræðilegum forsendum er miðað við að ávöxtun eigna deildarinnar verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Skuldbinding A-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu sem miðast annars vegar við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar munu ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Skuldbinding A-deildar var 1.099,1 milljarður króna í árslok 2019 og hækkaði um 12,4% á milli ára.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins var -2,9% í árslok 2019 en var -3,5% árið áður. Ávöxtun á síðasta ári var mjög góð og hefði staða sjóðsins batnað enn meira ef ekki hefðu komið til breytingar á tryggingafræðilegum forsendum. Ef miðað hefði verið við óbreyttar forsendur hefði staða sjóðsins verið jákvæð um 1,2% en nýjar tryggingafræðilegar forsendur veikja stöðu hans um 44,2 milljarða króna.

Verði mismunur á heildareignum og heildarskuldbindingum meiri en 10% ber að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum deildarinnar. Sama gildir ef munurinn er umfram 5% í aðra hvora áttina fimm ár í röð. Tryggingafræðileg staða A-deildar er í jafnvægi miðað við þessi viðmið.

Eignir umfram skuldbindingar



B-deild



B-deild – Lykilstærðir

Nafnávöxtun	18,2%
Hrein raunávöxtun	14,8%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,22%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	268.540
Hreinar fjárfestingartekjur	43.077
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	40,9%
Hlutfall verðtryggðra eigna	41,7%
Iðgjöld	1.689
Lífeyrir	53.329
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.795
Meðalfjöldi lífeyrisþega	17.120
Meðalaldur virkra sjóðfélaga	61

Fjárhæðir í töflu eru í milljónum króna




Um B-deild

Forveri LSR og jafnframt fyrsti lífeyrissjóðurinn sem stofnaður var á Íslandi varð til þann 28. nóvember 1919 með stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn. Á árinu 1944 var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á árinu 1997 var sjóðnum svo skipt upp í tvær deildir, eldra réttindakerfið fékk nafnið B-deild en nýtt réttindakerfi nafnið A-deild. Samhliða þessari breytingu var B-deild lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Greiðandi sjóðfélögum B-deildar hefur í kjölfarið fækkað mikið en þeir voru rúmlega 19 þúsund þegar deildinni var lokað. Á árinu 2019 greiddu einungis 1.795 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali.


Í ársbyrjun 2018 sameinaðist Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH) við B-deild. Við sameininguna námu eignir B-deildar 228,4 milljörðum króna og eignir LH 26,6 milljörðum króna.

Hrein eign B-deildar var 268,5 milljarðar króna í árslok 2019 og hækkaði um 7,9% á milli ára. Þrátt fyrir að B-deild hafi verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum síðan 1997 hefur hrein eign hennar aukist um 81,6 milljarða króna á síðastliðnum tíu árum. Á sama tíma hafa fjárfestingartekjur numið 194,9 milljörðum króna og hefur útlæði úr deildinni í formi lífeyrisgreiðslna umfram innflæði því verið mikið.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Fjárfestingartekjur (í milljörðum króna)



Verðbréf

Í árslok 2019 nam verðbréfaeign B-deildar 269,8 milljörðum króna. Það er hækkun um 19,3 milljarða króna frá fyrra ári eða um 7,7%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt meðfylgjandi töflu sem sýnir jafnframt fjárfestingarstefnu B-deildar fyrir árið 2020.

Fjárfestingarstefna B-deildar tekur annars vegar mið af því að draga úr áhættu í eignasafni deildarinnar og er deildin því nettókaupandi að skuldabréfum en seljandi að hlutabréfum. Hins vegar tekur stefnan mið af því að eignir deildarinnar fari minnkandi þar sem útgreiðslur eru hærri en inngreiðslur. B-deild þarf því að selja verðbréf til að standa undir mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum.

Á árinu var B-deild nettóseljandi verðbréfa fyrir 7,6 milljarða króna. Þar ber hæst sala á erlendum hlutabréfum að fjárhæð 10,8 milljarða króna og sala innlendra hlutabréfa að fjárhæð 2,3 milljarða króna. Fjárfestingar í skuldabréfum, að meðtöldum útlánnum til sjóðfélaga, námu einnig 2,3 milljörðum króna.

Verðbréfaeign

í milljónum króna

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	59.761	22,1%	20%	15–30%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	25.781	9,6%	12%	5–20%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	5.788	2,1%	4%	0–10%
B.b. Innlán	17.358	6,4%	5%	0–10%
B.c. Sértryggð skuldabréf	2.091	0,8%	2%	0–5%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	1.760	0,7%	1%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	85.227	31,6%	30%	20–40%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	17.452	6,5%	7%	0–10%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2.015	0,7%	2%	0–5%
E.a. Hlutabréf	39.184	14,5%	12%	5–15%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	13.365	5,0%	5%	0–10%
E.c. Fasteignir	60	0,0%	0%	0–1%
F.a. Afleiður	0	0,0%	0%	0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0%
Verðbréfaeign alls	269.842	100,0%		

Iðgjöld

Iðgjald til sjóðsins er 12% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónu-uppbót og orlofsuppbót. Réttindi sjóðfélaga miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn ásamt starfshlutfalli.

Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 1.689 milljónum króna á árinu 2019 og lækkuðu um 15,1% á milli ára. Á árinu greiddu að meðaltali 1.795 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins í hverjum mánuði og fækkaði þeim um 369 á milli ára.


Í árslok áttu 37.064 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum, þar af voru 1.602 virkir greiðendur, 18.633 voru á lífeyri og 16.829 voru óvirkir eða með geymd réttindi.

Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 61 ár í árslok 2019 og voru 59% af þeim konur og 41% karlar.


Iðgjöld og fjöldatölur

	2019	2018	Breyting
Iðgjöld í milljónum króna	1.689	1.990	-15,1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	1.795	2.164	-17,1%
Fjöldi með réttindi í árslok	37.064	37.503	-1,2%

Iðgjöld (í milljónum króna)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Lífeyrir


Almennur réttur til töku eftirlauna er við 65 ára aldur. Virkum sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður greiðslutími til sjóðsins og lífaldur er 95 ár eða meira (95 ára regla) en þó aldrei fyrir 60 ára aldur.

Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok en í ákveðnum tilvikum sem hlutfall af launum vegna tíu ára starfsaldurs í hærra launuðu starfi. Lífeyrisgreiðslur breytast svo í takt við þróun dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum, annaðhvort hjá eftirmanni í starfi eða samkvæmt sérstakri vísitölu sem Hagstofa Íslands mælir.


Lífeyrisgreiðslur B-deildar námu 53.329 milljónum króna á árinu 2019 og hækkuðu um 7% á milli ára. Alls fengu 19.505 lífeyrisþegar greiðslur á árinu 2019 en meðalfjöldi þeirra sem fékk mánaðarlegar greiðslur var 17.120 á árinu. Á liðnu ári hófu 1.294 sjóðfélagar töku eftirlauna samanborið við 1.130 árið áður.

Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2019 var 74,5 ár og voru 65,7% af þeim konur en 34,3% karlar, reiknað án þeirra sem fá greiddan barnalífeyri.

Lífeyrisgreiðslur (í milljörðum króna)




Meðalfjöldi lífeyrisþega



Af þeim 53.329 milljónum króna sem greiddar voru í lífeyri úr B-deild á síðasta ári fékk sjóðurinn 20.448 milljónir króna endurgreiddar frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum til sinna fyrrverandi starfsmanna. Samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR er launagreiðendum í B-deild skylt að endurgreiða þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna, svokallaðar lífeyrishækkanir. Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum var 38,3% á árinu 2019 en var 39,6% árið áður. Lækkun hlutfallsins á milli ára skýrist m.a. af litlum launahækkunum á árinu 2019 en sú vísitala sem mælir hækkanir á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 1,9% á árinu. Hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum hækkar því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri þar sem uppsafnaðar launahækkanir eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Í tryggingafræðilegri úttekt er gert ráð fyrir því að hlutfall launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum í framtíðinni verði að meðaltali 53,5%.

Lífeyrishækkanir (í milljörðum króna)



Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	44.979	41.794	7,6%
Örorkulífeyrir	1.241	1.220	1,7%
Makalífeyrir	7.101	6.827	4,0%
Barnalífeyrir	8	6	25,9%
Samtals	53.329	49.848	7,0%

Fjöldi lífeyrisþega

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	15.153	14.437	5,0%
Örorkulífeyrir	1.353	1.342	0,8%
Makalífeyrir	2.901	2.848	1,9%
Barnalífeyrir	98	98	0,0%
Samtals	19.505	18.725	4,2%

Meðalfjárhæð lífeyris

í þúsundum króna

	2019	2018	Breyting
Eftirlaun	2.968	2.895	2,5%
Örorkulífeyrir	917	909	0,9%
Makalífeyrir	2.448	2.397	2,1%
Barnalífeyrir	80	64	25,9%
Samtals	2.734	2.662	2,7%




Skuldbindingar

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar í árslok 2019. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Skuldbindingin er útreiknuð fjárhæð sem endurspeglar loforð til sjóðfélaga um lífeyrisgreiðslur í framtíðinni. B-deild á eignir til að mæta 26,5% af áfallinni skuldbindingu en því til viðbótar á hún kröfu á launagreiðendur vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum og kröfu á ríkissjóð vegna bakábyrgðar á skuldbindingum. Vegna aukins útlæðis hefur gengið hratt á eignir en hlutfall eigna upp í skuldbindingar nam 37,6% fyrir tíu árum síðan.

Staða B-deildar er nú í fyrsta skipti reiknuð út frá sértækum dánar- og örorkulíkum. Sértækar líkur eru reiknaðar út frá öllum sjóðfélögum sem eiga réttindi hjá LSR, þ.e. bæði þeim sem eiga réttindi í A-deild og B-deild sjóðsins. Útreikningurinn byggir á reynslu áranna 2014 til 2018. Útreikningur skuldbindinga miðað við sértækar líkur hefur neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu þar sem gert er ráð fyrir að lífeyrisþegar njóti greiðslna úr sjóðnum til lengri tíma en áður var miðað við.

Núvirtar eignir sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Skuldbinding B-deildar samanstendur af áfallinni skuldbindingu annars vegar sem miðast við þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér miðað við síðustu áramót og hins vegar við þau réttindi sem áætlað er að sjóðfélagar munu ávinna sér í framtíðinni fram að töku eftirlauna. Einungis 2,5% af heildarskuldbindingu B-deildar eru vegna réttinda sem sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni þannig að stærsti hluti af skuldbindingunni er þegar kominn fram. Áfallin skuldbinding var 950,8 milljarðar króna í árslok 2019 og hækkaði um 46 milljarða króna á milli ára.

Áfallin staða B-deildar var -73,5% í árslok 2019 en var -73,8% árið áður. Ávöxtun á síðasta ári var mjög góð og hefði staða sjóðsins batnað enn meira ef ekki hefðu komið til breytingar á tryggingafræðilegum forsendum. Áfallin staða B-deildar miðað við óbreyttar forsendur hefði verið -72,2% en nýjar tryggingafræðilegar forsendur veikja stöðuna um 43,7 milljarða króna.

Gerð er nánari grein fyrir skuldbindingum B-deildar í ársreikningi, bæði í sérstöku yfirliti og í skýringarliðum nr. 14 og 15.



Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð ríkissjóðs

Samkvæmt lögum um B-deild endurgreiða launagreiðendur sjóðnum mánaðarlega þann hluta lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.

Sá hluti skuldbindinga sem launagreiðendur eiga að standa undir er metinn 508,2 milljarðar króna í árslok 2019 eða um 53,5% af áfallinni skuldbindingu. Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana er ekki færð meðal eigna í efnahagsreikningi B-deildar. Þess í stað er getið um kröfuna neðanmáls sem eign utan efnahagsreiknings.

Eins og fram hefur komið eru núvirtar eignir B-deildar 26,5% af áföllnum skuldbindingum. Það sem upp á vantar er fjármagnað með kröfu á launagreiðendur og bakábyrgðarkröfu á ríkissjóð. Sé horft til þessara krafna má segja að sjóðurinn sé í jafnvægi.

Réttindakerfi B-deildar er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis sjóðsins lá fyrir að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu. Eftir að sjóðnum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjors á skuldbindingum. Þegar B-deild getur ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum mun reyna á bakábyrgð sjóðsins.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum í árslok

	Í milljónum kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð %
Hrein eign til greiðslu lífeyris	268.540	28,2%	28,2%
Endurmat á verðbréfaeign	(7.214)	-0,8%	27,4%
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(9.505)	-1,0%	26,4%
Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	508.218	53,5%	79,9%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	190.787	20,1%	100,0%
Áfallin skuldb. samkv. tryggingafræðilegri úttekt	950.827	100,0%	


Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild var í árslok 2019 metin 190,8 milljarðar króna eða 20,1% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Á meðfylgjandi súluriti má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin tíu ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar lækkaði um 1% á árinu 2019.

Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild umfram lagaskyldu eins og kemur fram hér neðar í umfjöllun um innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar. Án aukagreiðslna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 459 milljarðar króna í árslok 2019. Ríkissjóður hefur því náð að fjármagna 58,5% af bakábyrgð sinni vegna áfallinna skuldbindinga B-deildar.


Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Eftir að B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1997 var ljóst að eignir myndu klárast áður en skuldbindingar hefðu verið greiddar að fullu þar sem innflæði í sjóðinn hafði verið skert verulega. Uppsöfnuð áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar voru þá þegar orðin mikil en þau áttu eftir að koma til útgreiðslu í formi lífeyris á næstu 70 árum.

Bakábyrgð ríkissjóðs (í milljörðum króna)



Sundurliðun áfallinnar skuldbindingar eftir ábyrgð (í milljörðum króna)




Á árinu 1999 hóf ríkissjóður að greiða aukalega til B-deildar með það að markmiði að dreifa greiðslum sínum vegna bakábyrgðar yfir lengri tíma. Hlé var gert á þessum greiðslum frá árinu 2009 en þær hófust aftur á árinu 2017. Síðastliðin þrjú ár hafa aukagreiðslur úr ríkissjóði numið samtals 36 milljörðum króna en þar af voru 7 milljarðar króna greiddir á árinu 2019.


Til viðbótar við framangreindar aukagreiðslur hefur ríkissjóður greitt viðbótariðgjöld til B-deildar en þau námu 790 milljónum króna á árinu 2019. Alls greiddi ríkissjóður því 7,8 milljarða króna aukalega til sjóðsins á árinu 2019.

Til að greiða lífeyri hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til B-deildar. Aðrar eignir B-deildar voru uppunar í nóvember 2015 og ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu allar greiðslur til lífeyrisþega þurft að koma úr ríkissjóði frá þeim tímapunkti. Frá nóvember 2015 hafa greiðslur inn á skuldbindingar numið 44,2 milljörðum króna. Þar að auki hafa 64,5 milljarðar króna verið nýttir af inneign ríkissjóðs hjá B-deild til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

Innborganir ríkisins inn á skuldbindingar (í milljörðum króna)



Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Framtíðarsjóðstreymi


Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem B-deild þarf að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Á móti lífeyrisgreiðslum fær B-deild greiðslur frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum og þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppurnar mun B-deild fá greiðslur frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur ná hámarki á þessu ári. Greiðslur launagreiðenda vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum verða hins vegar í hámarki árin 2027 og 2028 en þær vega mun þyngra í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu B-deildar verulega. Í stað þess að B-deild hefði klárað sínar eignir á árinu 2015 hefur tekist að fresta því til ársins 2029. Ef ekki er gert ráð fyrir frekari aukagreiðslum eftir árslok 2019 þarf ríkissjóður frá og með 2029 að öllu óbreyttu að standa að fullu undir greiðslu lífeyris úr B-deild. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu yrðu greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 20 milljarðar króna á ári næstu fimm árin eftir að B-deild tæmist, miðað við verðlag í árslok 2019, en færu svo lækkandi. Á sama tíma munu greiðslur til B-deildar vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 25 milljörðum króna á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði.

Á sviðsmynd hér undir er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Til þess að tryggja að B-deild geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera 7,8 milljarðar króna á ári næstu 30 árin miðað við verðlag í árslok 2019. Samkvæmt fjármálaáætlun sem ríkisstjórn Íslands hefur sett fram vegna komandi ára er áformað að halda áfram að greiða 7 milljarða króna á ári til B-deildar.

Greiðslur B-deildar árin 2020-2060 á verðlagi ársloka 2019
(í milljörðum króna)



Séreign



Séreign – Lykilstærðir

	Leið I	Leið II	Leið III
Nafnávöxtun	21,3%	15,3%	4,4%
Hrein raunávöxtun	18,1%	12,3%	1,6%
Rekstrarkostn. í hlutf. af meðalstöðu eigna	0,08%	0,08%	0,06%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	8.702	2.353	8.435
Hreinar fjárfestingartekjur	1.533	299	351
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	44,3%	24,2%	0,0%
Hlutfall verðtryggðra eigna	28,5%	45,3%	100,0%
Iðgjöld	190	214	695
Lífeyrir	202	54	343
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	944	611	1.448
Meðalfjöldi lífeyrisþega	46	28	139
Meðalaldur virkra sjóðfélaga	52	48	59

Fjárhæðir í töflu eru í milljónum króna


Um Séreign

Séreign LSR var stofnuð í ársbyrjun 1999. LSR hefur frá upphafi lagt áherslu á örugga vörslu séreignarsparnaðar, góða ávöxtun með varfærni í fjárfestingum að leiðarljósi, góða þjónustu við sjóðfélaga og lágan rekstrarkostnað.


Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli þriggja mismunandi fjárfestingarleiða sem eru með ólíka fjárfestingarstefnu.

Hrein eign Séreignar í árslok 2019 var 19.490 milljónir króna og hefur hún vaxið um 12.038 milljónir króna á síðastliðnum tíu árum. Á þeim árum hafa fjárfestingartekjur numið 8.798 milljónum króna og er 73% af vexti eigna á tímabilinu tilkominn vegna ávöxtunar.

Hrein eign til greiðslu lífeyris (í milljörðum króna)



Fjárfestingartekjur (í milljörðum króna)



Verðbréf og ávöxtun


Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign geta valið á milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sér-leiðar. Leið I er hlutabréfaleið og sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið II leggur meiri áherslu á skuldabréf en Leið I og er að jafnaði með minni sveiflur í ávöxtun. Leið III er innlánsleið og eignir eru ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum. Velji sjóðfélagi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarleið óbreytt en í Sér-leið færast inneign sjálfkrafa milli leiða eftir aldri og áhættuvali.

Verðbréfaeign

Í árslok 2019 nam verðbréfaeign Séreignar 19,5 milljörðum króna. Það er hækkun um 2,7 milljarða króna frá fyrra ári eða 15,8%. Verðbréfaeignin í árslok skiptist samkvæmt töflum á næstu síðum sem sýna jafnframt fjárfestingarstefnur fjárfestingarleiðanna fyrir árið 2020.

Fjárfestingarleiðir



Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna

Fjárfestingarleiðir	2019	2018
Leið I	8.702	7.188
Leið II	2.353	1.896
Leið III	8.435	7.737
Samtals	19.490	16.820

Leið I

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2019 var 21,3% sem samsvarar 18,2% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 18,1% en var 1,2% á árinu 2018.

Ávöxtun ársins

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	21,3%	18,1%
Leið II	15,3%	12,3%
Leið III	4,4%	1,6%

Verðbréfaeign Leiðar I

í milljónum króna

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	486	5,6%	5%	0–20%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0	0,0%	0%	0%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	113	1,3%	2%	0–10%
B.b. Innlán	145	1,7%	5%	0–20%
B.c. Sértryggð skuldabréf	48	0,6%	2%	0–5%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0	0,0%	1%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	5.402	62,1%	55%	30–80%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0	0,0%	0%	0–5%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	0,0%	0%	0%
E.a. Hlutabréf	1.310	15,1%	15%	10–20%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1.191	13,7%	15%	0–30%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0%
F.a. Afleiður	0	0,0%	0%	0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0%
Verðbréfaeign alls	8.694	100,0%		

Leið II

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2019 var 15,3% sem samsvarar 12,3% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var jafnframt 12,3% en var 1,9% á árinu 2018.

Ávöxtun ársins

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	21,3%	18,1%
Leið II	15,3%	12,3%
Leið III	4,4%	1,6%

Verðbréfaeign Leiðar II

í milljónum króna

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	221	9,4%	10%	0–30%
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0	0,0%	0%	0–0%
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	75	3,2%	5%	0–10%
B.b. Innlán	114	4,9%	5%	0–20%
B.c. Sértryggð skuldabréf	48	2,0%	5%	0–10%
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0	0,0%	2%	0–5%
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	1.263	53,7%	43%	20–80%
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0	0,0%	2%	0–5%
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	0,0%	0%	0–0%
E.a. Hlutabréf	180	7,7%	8%	0–20%
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	448	19,1%	20%	0–40%
E.c. Fasteignir	0	0,0%	0%	0–0%
F.a. Afleiður	0	0,0%	0%	0–0%
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0	0,0%	0%	0–0%
Verðbréfaeign alls	2.350	100,0%		

Leið III

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2019 var 4,4% sem samsvarar 1,7% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun ársins, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 1,6% en var 2,0% á árinu 2018.

Ávöxtun ársins

	Nafnávöxtun	Hrein raunávöxtun
Leið I	21,3%	18,1%
Leið II	15,3%	12,3%
Leið III	4,4%	1,6%

Verðbréfaeign Leiðar III

í milljónum króna

Eignaflokkar	Eign	Hlutfall	Stefna	Vikmörk
A.a. Skuldabréf með ríkisábyrgð	0			
A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0			
B.a. Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0			
B.b. Innlán	8.434	100%	100%	0–100%
B.c. Sértryggð skuldabréf	0			
C.a. Skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0			
C.b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	0			
D.a. Skuldabréf fyrirtækja	0			
D.b. Skuldabréf sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0			
E.a. Hlutabréf	0			
E.b. Hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0			
E.c. Fasteignir	0			
F.a. Afleiður	0			
F.b. Aðrir fjármálagerningar	0			
Verðbréfaeign alls	8.434	100,0%	100,0%	

Iðgjöld og lífeyrir

Pátttaka í séreignarsparnaði er val hvers og eins en frádráttarbært iðgjald frá tekjuskattsstofni er að hámarki 4% af launum. Mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 2%.


Hægt er að ráðstafa iðgjaldi af séreignarsparnaði upp að ákveðnu hámarki inn á höfuðstól húsnæðislána. Þá er einnig hægt að taka út séreignarsparnað og nýta við kaup á fyrstu íbúð. Ekki er reiknaður tekjuskattur af séreignarútgreiðslum vegna innborgunar á húsnæðislán eða fyrstu íbúðarkaup.

Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til Séreignar 1.520 milljónum króna en þar af var 421 milljón króna ráðstafað sem greiðslu inn á húsnæðislán eða til fyrstu íbúðarkaup. Iðgjöldum sem ráðstafað var með þessum hætti námu 28% af greiddum iðgjöldum. Iðgjaldtekjur Séreignar námu því 1.099 milljónum króna og hækkuðu um 3,2% milli ára. Á árinu greiddu að meðaltali 3.003 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins í hverjum mánuði og fækkaði þeim um 40 á milli ára.


Iðgjöld og fjöldatölur

	2019	2018	Breyting
Iðgjöld í milljónum króna	1.099	1.065	3,2%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.003	3.043	-1,3%
Fjöldi með réttindi í árslok	7.368	7.278	1,2%

Iðgjöld (í milljörðum króna)



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




Meðalaldur virkra sjóðfélaga var 55 ár í árslok 2019 og var 67% af þeim konur og 33% karlar.


Séreignarlífeyrir er laus til útgreiðslu þegar sjóðfélagi hefur náð 60 ára aldri. Sjóðfélaginn ræður þá sjálfur hvort sparnaðurinn er greiddur út í einu lagi eða dreift yfir lengri tíma. Við fráfall sjóðfélaga erfist séreignarsparnaður að fullu eftir reglum erfðalaga.

Útborgun séreignarlífeyris nam 599 milljónum króna á árinu 2019 og hækkaði hún um 17,3% á milli ára. Alls fengu 477 sjóðfélagar greiðslur úr Séreign á árinu 2019.

Lífeyrisgreiðslur (í milljörðum króna)



Meðalfjöldi lífeyrisþega



Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna

	2019	2018	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	538	467	15,3%
Aðrar útgreiðslur	60	44	38,6%
Samtals	599	510	17,3%

Fjöldi lífeyrisþega

	2019	2018	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	400	384	4,2%
Aðrar útgreiðslur	77	78	-1,3%
Samtals	477	462	3,2%

Meðalfjárhæð lífeyris

í þúsundum króna

	2019	2018	Breyting
Greiðslur til 60 ára og eldri	1.346	1.216	10,7%
Aðrar útgreiðslur	785	559	40,4%
Samtals	1.255	1.105	13,6%




Starfsemi



Starfsfólk

Í lok árs 2019 störfuðu 55 starfsmenn hjá LSR í 53 stöðugildum. Starfsemin fer fram á þremur sviðum: réttindasviði, eignastýringu og lánasviði. Auk þess eru stoðsviðin fjögur: lögfræðisvið, fjárreiðusvið, upplýsingatækni og skjala- og gæðamál. Áhættustýring heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er óháð öðrum starfseiningum sjóðsins.

Sérstök starfsmannastefna gildir innan sjóðsins. Markmið hennar er m.a. að hlúa að mannauði sjóðsins, laða til starfa hæfa einstaklinga og gefa þeim tækifæri til að nýta kunnáttu sína og frumkvæði í þágu sjóðfélaga. Stefnunni er jafnframt ætlað að vera hvatning fyrir starfsmenn og stjórnendur til að skapa faglegt, krefjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.




Hjá LSR starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks hvort sem litið er til menntunar, þekkingar eða aldurs. Mikil og góð starfsreynsla er á meðal starfsmanna sjóðsins eins og sjá má á skífuriti hér til hliðar.

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Á árinu 2019 hlaut LSR viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni FKA.

Hjá sjóðnum er í gangi vinna vegna jafnlaunavottunar og stefnt er að því að sjóðurinn fái formlega vottun á árinu 2020.


Aldur starfsfólks

- 20–29 ára
- 30–39 ára
- 40–49 ára
- 50–59 ára
- 60 ára og eldri



Starfsaldur

- 0–5 ár
- 6–10 ár
- 11–15 ár
- 16–20 ár
- Yfir 20 ár



Á ári hverju taka starfsmenn þátt í könnun Gallup á vegum Sameykis sem ber nafnið Stofnun ársins. LSR hefur komið vel út úr þeirri könnun og hefur þátttaka starfsmanna verið mjög góð. Niðurstöður eru nýttar til að varðveita það sem vel er gert og bæta það sem betur má fara. Könnunin nær til ýmissa þátta í starfseminni eins og ánægju og líðanar starfsmanna, stjórnunar, starfsanda, vinnuskilyrða, ímyndar og jafnréttis.

Stuðlað er að heilsuvernd starfsmanna með skipulegum hætti, m.a. með þátttöku sjóðsins í íþróttaiðkun starfsmanna og reglulegri athugun á heilsufari þeirra og vinnuástöðu. Á ári hverju er maí sérstakur heilsu-mánuður þar sem m.a. er boðið upp á heilsutengda viðburði og fræðslu. Starfsmenn eru hvattir til þess að nýta umhverfisvænan ferðamáta allan ársins hring til og frá vinnu og er aðstaðan til þess mjög góð hjá sjóðnum.

Jafnrétti og velferð




Allir starfsmenn tóku þátt í könnun um Stofnun ársins



Á árinu 2019 hlaut LSR viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni FKA

Heilsuvernd og hreyfing



76% starfsmanna nýttu íþróttastyrk



85% starfsmanna tóku þátt í Lífshlaupinu



Starfsmenn tóku þátt í liðakeppni WOW Cyclothon

Stjórn

Stjórn LSR skipa átta stjórnarmenn. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra þeirra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 18 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári. Á árinu 2019 var Unnur Pétursdóttir formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2020 tók Gunnar Björnsson við formennskunni. Stjórn sjóðsins er kjörin til þriggja ára í senn og starfar hún út árið 2020.

Stjórn LSR

Gunnar Björnsson
Formaður

Árni Stefán Jónsson
Varaformaður

Áslaug María Friðriksdóttir
Stjórnarmaður

Guðrún Ögmundsdóttir
Stjórnarmaður

Ragnar Þór Pétursson
Stjórnarmaður

Unnur Pétursdóttir
Stjórnarmaður

Viðar Helgason
Stjórnarmaður

Þórveig Þormóðsdóttir
Stjórnarmaður



Stjórn LSR. Standandi frá vinstri: Ragnar Þór Pétursson, Þórveig Þormóðsdóttir, Viðar Helgason og Guðrún Ögmundsdóttir. Sitjandi frá vinstri: Áslaug María Friðriksdóttir, Gunnar Björnsson, Unnur Pétursdóttir og Árni Stefán Jónsson.

Stjórnarháttayfirlýsing

Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSR er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur sem greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína og ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Í stefnuyfirlýsingu sjóðsins segir: „LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.“

Hlutverk

Hlutverk sjóðsins felst m.a. í því að taka á móti iðgjöldum, varðveita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga og greiða sjóðfélögum lífeyri. Einnig tryggir LSR sjóðfélaga fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðlar að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga. Sjóðnum ber að ávaxta fjármuni sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi að teknu tilliti til fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu.

Starfsemi

Gildi sem starfsmenn LSR hafa tileinkað sér eru virðing, vilji og ánægja. Með þau gildi að leiðarljósi vinna starfsmenn að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

LSR starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 1/1997, samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM einn og stjórn KÍ einn. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur. Í starfsreglunum er fjallað um starfsemi, skipan og verksvið stjórnar. Í starfsreglunum er m.a. litið til samþykktar sjóðsins og laga nr. 129/1997, sérstaklega til þeirra ákvæða er lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða og hæfi stjórnarmanna. Þá hefur stjórnin sett reglur um hæfi lykilstarfsmanna, sett siða- og samskiptareglur og sett reglur um lánveitingar til sjóðfélaga. Þessar reglur eru aðgengilegar á vef sjóðsins ásamt upplýsingum um stjórn. Þá hefur stjórn LSR m.a. samþykkt fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og áhættustefnu fyrir sjóðinn.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans, gengur frá starfslýsingu hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins. Önnur undirnefnd stjórnar er starfsnefnd en hún fjallar um vafamál sem upp kunna að koma varðandi röðun lífeyrispega í launaflokka.

Stjórnarháttayfirlýsingu LSR má finna á vef sjóðsins.



Starfskjarastefna

Starfskjarastefnu LSR er ætlað að styðja við traustan rekstur og markmið sjóðsins um ábyrga starfshætti og vönduð vinnubrögð þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi.

Það er stefna sjóðsins að vera ekki leiðandi í launaþróun á sínu sviði en bjóða stjórnarmönnum og starfsmönnum upp á samkeppnishæf laun sem eru sambærileg við það sem gengur og gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við ábyrgð og umsvif lífeyrissjóðsins.

Starfskjarastefnu LSR er þannig ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn verði eftirsóknarverður vinnustaður skipaður hæfu starfsfólki. Laun starfsmanna og stjórnar LSR eru ekki afkomutengd og viðurkennd jafnréttis- og jafnlaunasjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við ákvörðun launa og starfskjara.

Nánari upplýsingar um starfskjarastefnu sjóðsins má finna á vef LSR.



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnur deilda LSR byggja á lögum nr. 129/1997 og reglugerð nr. 916/2009, með síðari breytingum. Þær eru settar til fimm ára í senn og núgildandi stefnur miða við að markmiði um eignasamsetningu sé náð eigi síðar en í lok árs 2024. Engu að síður tekur stjórn LSR fjárfestingarstefnur til athugunar a.m.k. einu sinni á ári og gerir á þeim breytingar telji hún þess þörf. Við þá endurskoðun er tekið tillit til aðstæðna á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum sem og eignasamsetningar sjóðsins á hverjum tíma. Jafnframt er tekið tillit til breytinga sem kunna að hafa orðið á rekstrar- og starfsumhverfi sjóðsins. Fyrir upphaf hvers árs gerir stjórn LSR áætlun um fjárfestingar ársins. Fjárfestingaráætlunin byggir á gildandi fjárfestingarstefnu og tekur mið af eignasamsetningu, stöðu sjóðsins, horfum og fjárfestingartækifærum á verðbréfamörkuðum. Við gerð áætlana er tekið tillit til iðgjalda, lífeyris, fjármagnstekna og endurgreiðslna af verðbréfaeign sjóðsins.

Markmið og viðmið

Í fjárfestingarstefnum LSR eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um

fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðsins. Allar fjárfestingaákvæðanir sjóðsins skulu taka mið af fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar sem og innri reglum sjóðsins er varða fjárfestingarheimildir. Í fjárfestingarstefnu er greint frá þáttum á borð við ávöxtunar- og áhættuviðmið og hvaða áhættumælikvarðar eru notaðir í reglulegri vöktun á eignasafni. Einnig eru skilgreind vilmörk í einstökum eignaflokkum ásamt öðrum takmörkunum og viðmiðum sem sjóðnum hafa verið sett.

Ólíkar deildir

Fjárfestingarstefnur A- og B-deildar eru mismunandi, m.a. vegna ólíks greiðsluflæðis. Einungis A-deild tekur við nýjum sjóðfélögum en B-deild var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í ársbyrjun 1997. Það veldur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun svo verða um ókomna tíð. Markmið og vilmörk eignasamsetningar fyrir A-deild og B-deild eru því mismunandi og taka mið af þessu ólíka formi. Að auki býður Séreign upp á þrjár fjárfestingarleiðir Leið I, Leið II og Leið III, sem allar hafa sína fjárfestingarstefnu. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnur LSR má finna á vef sjóðsins og samanburð eigna og fjárfestingarstefnu einstakra deilda LSR má finna í umfjöllun um hverja deild í ársskýrslu þessari.

Áhættustefna

Meginmarkmið með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina áhættu, áhættueftirlit og áhættuvilja. Með áhættustefnunni er m.a. stuðlað að því að sjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að gæta þess að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt.

Áhættustefnan byggir á reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Hún byggir jafnframt á lögum og reglugerðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérlögum sem gilda um LSR ásamt reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Endurskoðunarnefnd sjóðsins sem og innri og ytri endurskoðendur, gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja gæði áhættustýringar.

Samspil við fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðsins gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu hans. Þar er m.a. markaður rammi fyrir ráðstöfun fjármuna sjóðsins eftir eignaflokkum og takmarkanir á mótaðilaáhættu. Sjóðurinn leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Áhættueftirlit

Stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættueftirlit sé til staðar en framkvæmdastjóri og forstöðumaður áhættustýringar sjá um framkvæmd þess fyrir hönd stjórnarinnar. Áhættueftirlit er umtalsverður hluti áhættustýringar. Forstöðumaður áhættustýringar hefur yfirumsjón með áhættueftirliti en sjálf framkvæmdin dreifist á starfsfólk sjóðsins eftir ábyrgðarsviði hvers og eins. Formlegt áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum áhættueftirlitsaðgerðum en einnig er hluta eftirlits fullnægt með gæðaeftirliti, verkferlum og öryggisstjórnkerfi sjóðsins. Áhættueftirlitið er endurskoðað eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en árlega.

Áhættustefnan er aðgengileg á vef sjóðsins.

Hluthafastefna

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi sem stuðlar að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. LSR gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæðar og samkeppnisumhverfis.

Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

Stjórn LSR metur í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Ákveði LSR að gera tillögu um stjórnarmann í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í er valnefnd sjóðsins falið það hlutverk að leggja tillögu fyrir stjórn sem tekur ákvörðun um hvaða einstakling sjóðurinn styður til stjórnarsetu í viðkomandi fyrirtæki. Valnefnd samanstendur af tveimur stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og forstöðumanni eignastýringar.

Framkvæmdastjóri skal kynna hluthafastefnu sjóðsins fyrir þeim einstaklingum sem fyrirhugað er að gera tillögu um til stjórnarsetu í fyrirtækjum til að ganga úr skugga um hvort þeir telji sig geta starfað í anda stefnunnar.

Upplýsingar um meðferð LSR á atkvæðisrétti á hluthafafundum, m.a. um það hvernig fulltrúar sjóðsins hafa greitt atkvæði í stjórnarkjöri, skulu jafnframt birtar reglulega á vef sjóðsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sem sjóðurinn fjárfestir í. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum, kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn skulu taka virkan þátt í stjórnarstörfum og vera sjálfstæðir í störfum sínum.

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi fyrirtækis og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er m.a. litið til þess að kynjahlutföll séu í samræmi við löggjöf og að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust og trúverðugleika þeirra.

Stjórnarhættir og upplýsingagjöf

LSR leggur ríka áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis starfi í samræmi við góða stjórnarhætti m.a. með því að haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, setja sér starfsreglur, skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, meta eigin störf með árangursmati og birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

LSR leggur áherslu á skipulega og góða upplýsingagjöf fyrirtækja til hluthafa, hvort heldur sem er með opinberum tilkynningum, á hluthafafundum, vef sjóðsins eða með öðrum hætti.

Samkeppnissjónarmið

LSR leggur áherslu á að fjárfestingar- og hluthafastefna sjóðsins stuðli að virkum samkeppnismarkaði. Til að tryggja sjálfstæði fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skal sjóðurinn ekki hafa áhrif á stefnumótun þeirra umfram það sem á sér stað á hluthafafundum. LSR styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja fyrirtækja á sama markaði.

Starfskjör stjórnar og stjórnenda

LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á. Sjóðurinn gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi fyrirtækis uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

LSR telur að við ákvörðun starfskjara ætti m.a. að stuðla að langtímahagsmunum hluthafa, hafa skýran rekstrarlegan tilgang og ekki að hvetja til óhóflegar áhættutöku. Ef um kaupaukagreiðslur eða kaupréttarsamninga er að ræða skulu hluthafar upplýstir um forsendur og rök fyrir slíkum greiðslum.

LSR hefur ekki afskipti af stjórnarstörfum einstaklinga eftir að þeir hafa verið kosnir í stjórn þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Komi til samskipta við stjórn eða stjórnendur fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skulu þau fara fram í samræmi við reglur viðkomandi fyrirtækis. Gæta þarf þess að slík samskipti séu í samræmi við reglur um meðferð innherjaupplýsinga og ákvæði samkeppnislaga.

Nánari upplýsingar um hluthafastefnu LSR má finna á vef sjóðsins.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR. Í stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar eru tilgreind þrjú grunnviðmið sjóðsins. Í fyrsta lagi er LSR langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri langtímaávöxtun á fjárfestingar sínar m.a. með því að sýna samfélagsábyrgð við mat á fjárfestingum. Í öðru lagi rækir sjóðurinn umboðsskyldu sína og hefur hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Í þriðja lagi leitast sjóðurinn við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

LSR sem ábyrgur fjárfestir

LSR hefur skrifað undir viðmið Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til framangreindra þátta við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. LSR er meðal stofnaðila IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Sem ábyrgur fjárfestir leitast LSR við að byggja upp þekkingu og getu stjórnar og starfsmanna til að samþætta umhverfislega og félagslega þætti sem og

stjórnarhætti inn í greiningar og fjárfestingaákvörðanir. Jafnframt vill sjóðurinn leggja áherslu á að takmarka samfélagslega áhættu fyrirtækja til þess að það skili sér í betri fjárfestingu og reyna, í krafti eignarhalds eða fjárfestinga, að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á fyrirtæki og fjármálamarkað.

Aðferðafræði


LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti og leggur áherslu á vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði. Fjárfestingar LSR skulu hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi að teknu tilliti til viðeigandi áhættu, þar með talið langtímaáhættu sem getur falist í umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum.

LSR hvetur fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í og rekstrarfélög fyrir hönd þeirra sjóða sem þau starfrækja að sýna gagnsæi þegar kemur að umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og skýra frá því, svo sem í ársskýrslu, samfélagsskýrslu eða á sambærilegan máta, hvernig starfsemi fyrirtækisins tengist almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði, svo sem Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna, ESG viðmiðum kauphallarinnar og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Í hluthafastefnu LSR er lögð áhersla á góða stjórnarhætti þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í beint. LSR leggur jafnframt áherslu á að tekið sé tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta sem og stjórnarháttanna í rekstri óskráðra fyrirtækja og sjóða en þó þurfi að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja, samfélagsáhrifa og áhættu í sambandi við stærð þeirra og þeirra áhrifa sem starfsemin kann að hafa.

Sé um að ræða fjárfestingar í gegnum þriðja aðila leggur LSR áherslu á að innlendir og erlendir samstarfsaðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og geti sýnt með greinargóðum hætti hvort og hvernig sé unnið eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga.

Stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar má finna í heild sinni á vef sjóðsins.





100

1919 - 2019

ÁRA
AFMÆLI
LSR

LSR fagnaði 100 ára afmæli þann 28. nóvember 2019. Í tilefni dagsins bauð LSR til morgunverðarfundar á Reykjavík Hilton Nordica þar sem um 300 manns mættu og hlýddu á áhugaverð erindi frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Unni Pétursdóttur þáverandi stjórnarformanni LSR, Hörpu Jónsdóttur framkvæmdastjóra LSR og Philip Ripman, sjóðstjóra hjá Storebrand í Noregi. Í lok fundarins voru pallborðsumræður með yfirskriftinni Mikilvægi samtryggingar í nútímasamfélagi sem stýrt var af Brynju Þorgeirsdóttur fjölmiðlakonu. Þátttakendur voru Anna Björk Sigurðardóttir, sérfræðingur í lífeyrismálum hjá LSR, Bergur Ebbi Benediktsson rithöfundur, Gunnar Baldvinsson, sérfræðingur um fjármál einstaklinga og Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands.






Elsti lífeyrissjóður landsins

Í ræðu sinni fór Harpa Jónsdóttir yfir sögu LSR. Sjóðurinn var stofnaður í nóvember 1919 með tilkomu lífeyrissjóðs embættismanna og er því elsti lífeyrissjóður landsins. Í gegnum árin hafa smærri lífeyrissjóðir sameinast sjóðnum, sjóðfélögum fjölgað og eignasafnið stækkað en eignir sjóðsins námu rúmum 1.000 milljörðum í árslok á sama tíma og greiddur var lífeyrir til rúmlega 25 þúsund manns.

Samfélagslegur tilgangur lífeyrissjóða

Í ávarpi sínu lagði Katrín Jakobsdóttir áherslu á samfélagslega ábyrgð lífeyrissjóða. Þeir halda utan um ævisparnað landsmanna, eru eigendur þriðjungs fjármuna á Íslandi og því áhrifamiklir fjárfestar sem geti með fjárfestingum sínum haft stefnumótandi áhrif á samfélagið. Mikilvægt sé að lífeyrissjóðir beiti þessum áhrifum með því að huga að grænum valkostum í fjárfestingarstefnu sinni og styðja við samfélagslega mikilvæg verkefni. LSR hefur nú þegar tekið þessari áskorun með því að setja sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar enda haldast gæði framtíðarinnar og efnahagslegt öryggi í hendur þegar kemur að áhyggjulausu ævkvöldi.



Mikilvægi samtryggingar í nútímasamfélagi

Pallborðsumræður í lok fundar voru líflegar og rætt var um lífeyrismál frá mörgum hliðum allt frá mikilvægi samtryggingar og sýn yngra fólks á lífeyrissjóði til alþjóðavæðingar. Á meðan yngra fólk tengir lífeyrissjóði aðallega við húsnæðislán horfa eldri kynslóðir meira til mikilvægis eftirlaunasparnaðar sem örugga grunnframfærslu. Nefnt var að sem hluti af ævisparnaði væri eftirlaunasparnaður líklega verðmætasta en á sama tíma vanmetnasta eignin en slíkur sparnaður getur þegar upp er staðið numið allt að 50–70% af meðaleignum fólks.

„Á 100 ára vegferð LSR hefur margt breyst. Við stofnun sjóðsins árið 1919 var hann upphaflega lífeyrissjóður fyrir karlkyns embættismenn. Sjóðurinn fer nú með ævisparnað tugþúsunda landsmanna og er meirihluti sjóðfélaga LSR konur.“ — Unnur Pétursdóttir

Þakkir til fyrrverandi framkvæmdastjóra

Á afmælisárinu lét Haukur Hafsteinsson af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins til 32 ára. Var honum þakkað kærlega fyrir störf sín í þágu sjóðsins og sjóðfélaga.



Ársreikningar

 [A-deild](#)

 [B-deild](#)

 [Séreign](#)

Annual Report



Overview

Role of the fund


The principal role of LSR is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The fund receives contributions and invests them in order to meet the liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's allowance. Furthermore, the fund grants loans against a mortgage to fund members and accepts and invests voluntary pension savings.

In 2019, LSR had a total of 32,128 active members and 25,472 members received pensions and other benefits. The fund pays over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions: division A, division B and division S, which is a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other.

Net investments	m. ISK
	Total
Government bonds	(8,977)
Mortgage bonds	22,587
Municipal bonds	3,024
Covered bonds	5,057
Financial Institution bonds	1,656
UCITS funds	6,780
Corporate bonds	2,511
Bonds issued by other funds for collective investment	4,093
Equities	1,077
Shares issued by other funds for collective investment	9,149
Total	46,958

Assets	m. ISK
	Total
Government bonds	238,953
Mortgage bonds	138,254
Municipal bonds	23,738
Cash and deposits	43,842
Covered bonds	26,240
Financial Institution bonds	4,795
UCITS funds	277,144
Corporate bonds	54,632
Bonds issued by other funds for collective investment	14,507
Equities	138,055
Shares issued by other funds for collective investment	56,261
Real Estate	60
Total	1,016,481

Assets



Return

	2019	2018
Nominal return	16.6%	5.6%
Net real return	13.4%	2.1%
Average 5 year net real return	5.6%	4.7%
Average 10 year net real return	5.6%	4.6%

[The annual account](#)